

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. maí 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-26/2008:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. apríl sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa eiginkonu hans á ísskáp hjá Z. Álitsbeiðandi verður talinn hafa hagsmuni af niðurstöðu í málinu og því geti hann kvartað fyrir hönd eiginkonu sinnar án sérstaks skriflegs umboðs, sbr. ákvæði í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kvörtuninni er beint að Y, að tilmælum Z, en álitsbeiðandi segir Y vera umboðsaðila fyrir framleiðanda ísskápsins. Álitsbeiðandi óskar eftir því að kæruneftndin segi álit sitt á því hvort hann sé bótaskyldur umboðsaðila vegna þess að rispa sé á hurð ísskáps sem hann fékk að skila til Y.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 22. apríl sl., og bárust þau nefndinni 6. maí. Með bréfi, dags. 9. maí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til að skila þeim til 19. maí. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 26. maí sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Ísskápurinn sem um ræðir er af gerðinni A með tveimur hurðum. Samkvæmt reikningi fyrir kaupunum fóru þau fram 26. júní 2007 og mun kaupverð ísskápsins hafa verið kr. 240.000. Álitsbeiðandi segir ísskápnun hafi verið komið fyrir í eldhúsinnréttingunni en eftir rúmlega mánaðarnotkun hafi komið í ljós að sprunga var á innanverðri klæðningu í frysti skápsins. Umboðsaðili hafi boðist til að laga gallann eða leggja kaupanda til nýjan ísskáp og hefðu þau hjónin kosið hið síðara. Nýjan ísskáp hafi þau fengið 7. mars sl. Ágreiningurinn standi hins vegar um rispu sem sé á framhlið skápsins, sem umboðsaðili krefjist að fá bætur fyrir, kr. 27.000, sem mun vera kaupverð nýrrar hurðar. Álitsbeiðandi kveðst álíta að rispan sé afleiðing eðlilegrar notkunar á skápnun. Þau hafi boðist til að halda rispuðu hurðunum á fyrri ísskápnun en það hafi umboðsaðili ekki viljað. Álitsbeiðandi segist rökstyðja kröfu sína um viðurkenningu á því að hann þurfi ekki að bæta rispuðu hurðina með því að hvorki seljandi né umboðsaðili hafi getað lagfært sprunguna í frystinum með öðrum hætti en að útvega nýjan ísskáp. Einnig telji hann að umboðsaðili eigi ekki rétt á að krefjast bóta fyrir vöru sem þegar hafi verið bætt af framleiðanda.

### IV

## Andsvör seljanda

Í andsvörunum kemur fram að Y telji að þær rispur sem séu á hurð ísskápsins og einnig á toppi og hliðum skápsins geti ekki talist eðlilegar eftir notkun á skápnum í rúman mánuð. Samkvæmt samtali við álitsbeiðanda virðist ísskápurinn hafa verið settur á þröngan stað og honum að auki lyft upp og sé líklegt að skemmdirnar hafi orðið við þær tilfæringar en ekki vegna notkunar. Hægt hafi verið að lagfæra sprunguna í frystihólfinu þótt viðgerðirnar sæjust inni í frystihólfinu og hafi álitsbeiðanda verið boðin þóknun fyrir það sem hann hafi ekki sætt sig við.

Ekki hafi verið hægt að setja hurðirnar af fyrri ísskápnum á þann skáp sem álitsbeiðandi hafi fengið því að um nýrri gerð af ísskáp hafi verið að ræða. Rispa á framhurð, hliðum eða toppi geti aldrei talist til verksmiðjugalla og geti því ekki fallið undir ábyrgð.

## V

### Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Það er óumdeilt að galli kom fram á ísskápnum sem eiginkona álitsbeiðanda keypti 26. júní 2007. Álitsbeiðandi kaus að úr gallanum yrði bætt með því móti að seljandi afhenti honum nýjan ísskáp í stað hins gallaða. Var það í samræmi við ákvæði í 1. málslíð 1. mgr. 29. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup þar sem segir þegar um gallaðan hlut er að ræða: “Neytandi getur valið á milli þess að krefja seljanda um úrbætur á galla á eigin reikning eða krefjast nýrrar afhendingar af seljanda.”

Þessi aðferð við að bæta úr galla á söluhlut hefur í för með sér að neytanda er skylt að skila seljanda þeim hlut sem hann fékk bætta.

Í 1. mgr. 51. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um það að neytanda sé því aðeins heimilt að rifta kaupum eða krefjast afhendingar á ný að hann geti skilað hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni og hluturinn var í þegar neytandi veitti honum viðtöku. Þegar um skil á söluhlut er að ræða verður seljandi engu að síður að sætta sig við það slit á hlutnum sem leitt hefur af venjulegri notkun hans.

Í 2. mgr. 51. gr. segir að neytandi glati heldur ekki réttinum til riftunar eða nýrrar afhendingar ef hann við skilin bætir þá verðmætisrýrnun sem orðin er á hlutnum.

Eins og að framan er rakið biður álitsbeiðandi um staðfestingu kæruneftdarinnar á því að honum sé ekki skylt að bæta Y rispur sem voru komnar á ísskápinn sem hann skilaði. Ekki er annað komið fram en um sé að ræða þá bótakröfu Y að álitsbeiðandi greiði fyrirtækinu kr. 27.000 enda þótt um fleiri rispur virðist vera að ræða en á hurð ísskápsins. Frekari bótakröfur hafa Y ekki gert. Það er álit kæruneftdarinnar að rispur af því tagi sem hér um ræðir geti ekki talist afleiðing eðlilegrar notkunar á ísskápnum í rúma 8 mánuði heldur sé um skemmdir að ræða. Því hafi álitsbeiðandi ekki skilað ísskápnum að öllu eða verulegu leyti í sama ástandi og hann var við kaupin, sbr. það sem að framan er rakið af ákvæðum 1. mgr. 51. gr. laga nr. 48/2003. Kæruneftndin telur að byggja megi á því að gera megi við þann galla sem er á frystihólfi ísskápsins og þannig sé nokkurt verðmæti fólgið í skápnum. Kæruneftndin álitur að þær rispur sem á ísskápnum eru yfri

tvímælalaust verðmæti skápsins og er það álit nefndarinnar að álitsbeiðanda beri, samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 52. gr. laga nr. 48/2008, að bæta Y þá verðmætisrýrnun með því að greiða fyrirtækinu kr. 27.000 eins og það hefur krafist.

## **VII**

### **Álitsorð**

Álitsbeiðandi, X, greiði Y, kr. 27.000.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir